

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Borgarness.

1. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð hitaveitunnar.

2. gr.

Fastagjald greiðist af öllu hituðu húsnæði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fastagjaldið reiknast út frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamati. Flatamál bílgeymsla er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnæðis, nema þær séu notaðar sem íbúðar- eða atvinnu-húsnæði.

Fastagjald á mánuði = $F \times 11,90 \text{ kr./m}^2$, ef F er minna en eða jafnt 130 m^2 .

Fastagjald á mánuði = $1549,30 \text{ kr.} + (F - 130) \times 7,15 \text{ kr./m}^2$, ef F er stærra en 130 m^2 .

3. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

- Þeir sem greiða fastagjald samkvæmt 2. gr. greiða 74,24 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.
 - Þeir sem ekki greiða fastagjald samkvæmt 2. gr. greiða 98,92 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.
 - Gjald vegna vatnsnotkunar íþróttamiðstöðvarinnar í Borgarnesi skal vera 50% af gjaldskrá a-lið.
- Gjald leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg sbr. 18. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

4. gr.

Fyrir hvern mæli skal greiða gjald mánaðarlega.

Fyrir mæli með nafnrennsli allt að $6 \text{ m}^3/\text{klst.}$: 240 kr./mán.

Fyrir mæli með nafnrennsli yfir $6 \text{ m}^3/\text{klst.}$: 428 kr./mán.

5. gr.

Komi til lokunaraðgerða, sbr. reglugerð Hitaveitu Borgarness, skal greiða gjald 3.090 kr.

Fyrir aukaálestur af mæli skal greiða 793 kr.

6. gr.

Stofngjöld skal greiða af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupp-hitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Innifalið í stofngjaldi er heimæð allt að 25 m innan lóðarmarka og mælagrind.

Stofngjald skal vera:

| | |
|---------------------------|--|
| Stærð húss: | Stofngjald: |
| allt að 250 m^3 | 67.980 kr. |
| 251 - 500 m^3 | 67.980 kr. + $162,20 \text{ kr/m}^3$ yfir 250 m^3 |
| 501 - 1500 m^3 | 108.530 kr. + $95,00 \text{ kr/m}^3$ yfir 500 m^3 |
| 1501 - 6000 m^3 | 203.530 kr. + $61,00 \text{ kr/m}^3$ yfir 1500 m^3 |
| yfir 6000 m^3 | 478.030 kr. + $48,00 \text{ kr/m}^3$ yfir 6000 m^3 |

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera 51.230 kr. Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagrindargjald. Mælagrindargjald er 15.500 kr./grind.

Gjald fyrir heimæðar, sem eru lengri en 25 m innan lóðarmarka, 3.100 kr./m umfram 25 m.

7. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í júlímánuði 1997, 223,6 stig.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1997 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 178, 7. mars 1997.

Iðnaðarráðuneytinu, 21. júlí 1997.

F. h. r.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

18. júlí 1997

um staðfestingu á aðalskipulagi Grímseyjarhrepps 1996-2016.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 18. júlí 1997 staðfest aðalskipulag Grímseyjarhrepps 1996-2016.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki hreppsnefndar Grímseyjarhrepps liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 18. júlí 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

15. júlí 1997

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

Að Hafnarstræti verði lokað til austurs við hús nr. 20.

Ákvörðun þessi tekur gildi þann 30. júlí 1997.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 15. júlí 1997.

Böðvar Bragason.